

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella



Reykjavík 7. september 2016  
UST201608-019/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Rangárbakka 1, 3, 5 og 11 á Hellu, Rangárþingi ytra.**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Rangárbakka 1, 3, 5 og 11 á Hellu.


Í ofangreindri tillögu að breytingu kemur fram að skipulagssvæðið stækkar til suðurs og að lóðirnar nr. 1, 3, 5 og 11 við Rangárbakka eru sameinaðar í eina lóð. Afmarkaðir eru þrír nýjir byggingarreitir fyrir verslun og þjónustubyggingar auk reita fyrir 40 frístundahús/gistihýsi og þjónustuhús fyrir frístundahúsin. Í nágrenni ofangreindrar lóðar eru gistihús, verslun og veitingahús.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að frágangur á svæðinu sé vandaður og telur stofnunin að fallegur trjágróður umhverfis gistihýsi/frístundahús geti mildað ásýnd þeirra.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur